



ÁRSSKÝRSLA 2015



SSV

Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi



EFNISYFIRLIT

Inngangur	1
Starfsemi SSV árið 2014.....	3
Aðalfundur SSV.....	4
Haustþing SSV	5
Stjórn SSV	7
Skrifstofa SSV	8
Samstarf og hagsmunagæsla	9
Atvinnuráðgjöf	11
Sóknaráætlun Vesturlands.....	15
Uppbyggingarsjóður Vesturlands	15
Stefna og framtíðarsýn fyrir Vesturland	17
Áhersluverkefni	17
Almenningssamgöngur.....	19
Þjónustuvæði Vesturlands.....	21
Vesturlandsstofa.....	23
Best in Travel 2016	23
Útgáfumál	23
Ferðasýningar	24
Uppskeruhátíð	24
Dagur ferðaþjónustunnar	25
Heimsóknir erlendra blaðamanna.....	25
Landshlutamiðstöð Vesturlands	25
Ný verkefni framundan á árinu 2016.....	26
Viðauki: Styrkir úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands 2015.....	27



INNANGANGUR

Í samræmi við lög SSV ber að leggja fram ársskýrslu um starfsemi á aðalfundi ár hvert. Starfsmenn SSV hafa unnið að því undanfarið að taka saman þá skýrslu sem hér er lögð fram. Það er von okkar að skýrslan gefi glögga mynd af þeim verkefnum sem SSV sýslar með og verði sveitarfélögum, fyrirtækjum, stofunum, hagsmunasamtökum og einstaklingum góð heimild um starfsemina. Tilgangurinn með útgáfu á skýrslu sem þessari er líka að fræða og miðla þekkingu á þeim verkefnum sem unnin eru á vettvangi landshlutasamtaka, gera þær upplýsingar aðgengilegri og stjórnsýsluna gegnsærri og opnari.



MINNISMERKIÐ BRÁKIN Í BORGARNESI

STARFSEMI SSV ÁRIÐ 2014

Eftir töluverðar breytingar á starfsemi SSV árið 2014 má segja að á árinu 2015 hafi því breytingaferli verið lokið og ýmis verkefni komin í fastar skorður að nýju. Segja má að stærsta verkefni ársins 2015 hafi verið innleiðing nýrrar sóknaráætlunar, en í febrúar var gerður nýr samningur við stjórnvöld um Sóknaráætlun Vesturlands sem gildir frá 2015 til 2019. Töluverðar breytingar fylgdu nýjum samning en í honum fólst að vaxtarsamningur og menningarsamningur voru lagðir niður og í þeirra stað var stofnaður Uppbyggingarsjóður Vesturlands sem veitir styrki til menningarverkefna og nýsköpunar í atvinnulífi. Auk þess fólst í sóknaráætlun að móta stefnu og framtíðarsýn fyrir Vesturland og með hliðsjón af henni að velja áhersluverkefni fyrir landshlutann. Innleiðingu nýrrar sóknaráætlunar var lokið í árslok 2015.

Önnur verkefni voru í fastari skorðum s.s. atvinnuráðgjöf, rekstur almenningssamgangna, umsýsla með málefna fatlaðra og umsjón með rekstri Sorpurðunar Vesturlands. Hér að neðan verður gerð grein fyrir helstu verkefnum SSV.



STYKKISHÓLMUR

AÐALFUNDUR SSV

Aðalfundur SSV var haldinn á Hótel Hamri í Borgarnesi 25. mars. Þetta var í samræmi við lagbreytingu sem kveður á um að aðalfundur skuli haldinn eigi síðar en í apríl ár hvert og málþing haldið að hausti. Áður hafði verið sú hefð að aðalfundur SSV færi fram að hausti. Verkefni aðalfundar er því fyrst og fremst að gera upp undangengið ár, en verkefni haustþings að móta stefnu fyrir komandi ár. Á sama degi og aðalfundur SSV fór fram héldu aðilar sem að öllu leyti eða hluta til eru í eigu sveitarfélaga sína aðalfundi. Reynslan síðustu tveggja ára sýnir að markmiðið með þessum breytingum, sem er að tryggja betra upplýsingaflæði og betri mætingu á aðalfundi tengdra aðila, er að ganga eftir.

Á aðalfund SSV mættu 45 fulltrúar og gestir. Framkvæmdastjóri SSV Páll S. Brynjarsson flutti skýrslu stjórnar og kynnti ársreikning samtakanna. Nokkur umræða varð um skýrsluna og ársreikning og má segja að stór hluti umræðunnar hafi snúist um rekstur almennings-samgangna og fjármögnun þeirra. Fundurinn samþykkt ársskýrslu og ársreikning.



AÐALFUNDUR SSV Á HÓTEL HAMRI

HAUSTÞING SSV

Haustþing SSV fór fram á Hótel Glym í Hvalfjarðarsveit í 7. október. Alls sátu fundinn u.þ.b. 50 fulltrúar og gestir. Fjöldi gesta sátu fundinn og má þar nefna þingmenn úr Norðvesturkjördæmi, formann Sambands Íslenskra sveitarfélaga, starfsmenn úr innanríkisráðuneyti og aðila frá öðrum landshlutasamtökum.

Á fundinum voru lagðar fram tillögur að fjárhags- og starfsáætlunum fyrir árið 2016 og voru báðar tillögurnar samþykktar án breytinga. Fundarmenn störfuðu síðan í fjórum vinnuhópum:

- Fjárhagsnefnd
- Samgöngunefnd
- Atvinnumálfnefnd
- Nefnd um opinbera þjónustu

Í lok fundar lögðu þessar nefndir fram sínar ályktanir sem hlutu samþykki fundarins. Ávörp gesta fluttu Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra fyrir hönd þingmanna kjördæmisins, Halldór Halldórsson formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Stefanía Traustadóttir fyrir hönd innanríkisráðherra.



HAUSTÞING SSV Á HÓTEL GLYM

Sérstakt þema fundarins voru samgöngumál og því var efnt til pallborðsumræðna um málefnið. Í pallborði sátu:

- Birna Lárusdóttir, formaður nefndar um samgönguáætlun stjórnvalda
- Gísli Gíslason, formaður Hafnarsambands sveitarfélaga og hafnarstjóri Faxaflóahafna
- Haraldur Benediktsson, alþingismaður
- Ingvi Árnason, svæðisstjóri Vegagerðarinnar á Vestursvæði
- Ingveldur Guðmundsdóttir, formaður SSV

Líflegar umræður urðu um samgöngumál þar sem flestir fundarmanna og gestir tóku þátt og í lok umræðna var skorað á stjórn SSV að hefja vinnu við gerð samgönguáætlunar fyrir Vesturland.



HAUSTÞING SSV Á HÓTEL GLYM

STJÓRN SSV

Stjórn SSV sem kosin var á Haustþingi 2014 starfar fram að aðalfundi 2016. Í stjórn SSV á árinu 2015 sátu:

<i>Ingveldur Guðmundsdóttir, formaður</i>	<i>Dalabyggð</i>
<i>Rakel Óskarsdóttir, varaformaður</i>	<i>Akranesi</i>
<i>Sif Matthíasdóttir</i>	<i>Helgafellssveit</i>
<i>Hafdís Bjarnadóttir</i>	<i>Stykkishólmi</i>
<i>Eyþór Garðarsson</i>	<i>Grundarfirði</i>
<i>Kristín B. Árnadóttir</i>	<i>Snæfellsbæ</i>
<i>Eggert Kjartansson</i>	<i>Eyja- og Miklaholtshreppi</i>
<i>Björn Bjarki Þorsteinsson</i>	<i>Borgarbyggð</i>
<i>Guðveig Eyglóardóttir</i>	<i>Borgarbyggð</i>
<i>Árni Hjörleifsson</i>	<i>Skorradalshreppi</i>
<i>Björgvin Helgason</i>	<i>Hvalfjarðarsveit</i>
<i>Valgarður L. Jónsson</i>	<i>Akranesi</i>

Björgvin Helgason tók við stjórnarsetu fyrir hönd Hvalfjarðarsveitar á aðalfundi 2015, en Björgvin hafði áður verið varafulltrúi. Hjördís Stefánsdóttir var fulltrúi Hvalfjarðarsveitar í stjórn frá hausti 2014 og lét af stjórnarsetu á aðalfundi 2015 að eigin ósk.

Stjórn SSV hélt alls 7 fundi á árinu, en fundirnir fór fram á Akranesi, í Búðardal, Borgarnesi, á Hellissandi, í Grundarfirði, Hvalfjarðarsveit og í Laugargerði. Það var markmið stjórnar að funda í öllum sveitarfélögum á Vesturlandi og mun það markmið nást vorið 2016. Í tengslum við stjórnarfundum hafa fundarmenn fengið kynningar á starfsemi sveitarfélaganna og því sem efst er á baugi á hverjum stað.

SKRIFSTOFA SSV

Hlutverk skrifstofu SSV er að halda utan um þau verkefni sem SSV eru falin með

- lögum,
- samþykktum um þjónustuvæði Vesturlands um málefni fatlaðra,
- samningum sem SSV hefur við Bygðastofnun um atvinnuráðgjöf,
- samningum við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og menningarmála-
ráðuneytið um Sóknaráætlun Vesturlands og
- samningum við Vegagerðina um almenningssamgöngur.

Skrifstofa SSV hefur allt frá stofnun Sorpurðunar Vesturlands árið 1999 haldið utanum rekstur félagsins og í gildi er samningur um að SSV sinni þessu verkefni. Auk þess hefur SSV samninga við Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Starfsendurhæfingu Vesturlands um launaumsýslu. Loks hefur fjármálastjóri SSV haldið utan um umsýslu fjármála fyrir Vesturlandsstofu.

Litlar breytingar urðu á starfsmannahaldi SSV árið 2015. Í upphafi árs var Margrét Björk atvinnuráðgjafi í námsleyfi og sinnti Sigríður Finsen hagfræðingur hluta af hennar störfum í 40% starfshlutfalli. Margrét Björk kom úr leyfi 1. júní og fór þá aftur í 100% starfshlutfall. Einar Þ. Eyjólffsson atvinnuráðgjafi fór í námsleyfi 1. september og verður í leyfi í eitt ár. Hallur Jónasson meistaranemi í stjórnun við Háskólann á Bifröst var í starfsnámi hjá SSV frá októberbyrjun og fram að jólum. Með samningi við Akraneskaupstað í upphafi árs var Helga Gunnarsdóttir formaður þjónusturáðs um málefni fatlaðra ráðin í 10% starfshlutfall sem starfsmaður þjónusturáðsins. Helga fór hins vegar í veikindaleyfi stuttu eftir að hún kom til starfa og hefur ekki verið ráðinn annar aðili í hennar stað. Í árslok 2014 eru 8 starfsmenn hjá SSV í samtals 6.7 stöðugildum.

	STARFSHEITI	STÖÐUGILDI
Páll S. Brynjarsson	Framkvæmdastjóri	100%
Anna Steinsen	Skrifstofustjóri	90%
Hrefna B. Jónsdóttir	Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands	80%
Elísabet Haraldsdóttir	Menningarfulltrúi	60%
Ólafur Sveinsson	Forstöðumaður atvinnuráðgjafar	50%
Vífill Karlsson	Atvinnuráðgjafi	90%
Margrét Björk Björnsdóttir	Atvinnuráðgjafi	100%
Einar Þ. Eyjólffsson	Atvinnuráðgjafi (í námsleyfi)	100%

SAMSTARF OG HAGSMUNAGÆSLA

Í lögum SSV kemur fram að eitt af markmiðum samtakanna er að gæta hagsmuna sveitarfélaga á Vesturlandi. Þetta er gert með ýmsum hætti og helstu verkefni vegna þessa á árinu 2015 voru:

- ❖ Formaður og framkvæmdastjóri SSV áttu þrjá fundi með fulltrúum annarra landshlutasamtaka, sátu fund landshlutasamtaka með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og tóku þátt í landsþingi sveitarfélaga sem og fjármálaráðsstefnu sveitarfélaga. Þarna voru ýmis málefni til umræðu, en þau landshlutasamtök sem eru í forsvari viðkomandi ár taka málefni sameiginlegra funda upp með viðeigandi stjórnvöldum.
- ❖ Stjórn SSV skipulagði sameiginlegan fund SSV og sveitarfélaga á Vesturlandi með þingmönnum kjördæmisins, en þetta eru árvissir fundir. Stjórn SSV fær til umsagnar ýmis lagafrumvörp og sendi frá sér umsagnir um nokkur mál. Má þar nefna frumvarp um almenningssamgöngur og frumvarp um samgönguáætlun, en framkvæmdarstjóri SSV sótti fund umhverfis- og samgöngunefndar vegna umfjöllunar um þessi mál. Auk þess áttu starfsmenn SSV fundi með ráðuneytum og ríkisstofunum vegna ýmissa mála.
- ❖ Í febrúar var haldinn sameiginlegur fundur framkvæmdastjóra sveitarfélaga á Vesturlandi þar sem ýmis hagsmunamál voru rædd.
- ❖ Formaður SSV hefur undanfarin tvö ár átt sæti í samstarfsnefnd EFTA um sveitarstjórnarmál. Hann sótti fund í Noregi vorið 2015 og varaformaður SSV sat fund vettvangsins í Brussel í nóvember. Samstarfsvettvangurinn mun funda í Stykkishólmi í júní 2016, en á þeim fundi mun setu formanns SSV í samstarfsvettvanginum ljúka í bili.
- ❖ Hópur Vestlendinga tók á móti formanni sambands sveitarfélaga í Slóvakíu og alþjóðafulltrúa þeirra í febrúar. Í kjölfarið fór af stað samstarfsverkefni á milli Slóvaka og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Theodóra Matthíasdóttir umhverfisfulltrúi á Snæfellsnesi tók þátt í verkefninu ásamt framkvæmdastjóra SSV. Framlag Vestlendinga var að taka þátt í umræðu um sameiningu sveitarfélaga, samstarf sveitarfélaga og umhverfismál. Aðilar funduðu í Slóvakíu í október og í nóvember komu gestir frá Slóvakíu sem m.a. kynntu sér Sorpurðun Vesturlands, Þjóðgarðinn á Snæfellsnesi, sameiningu Snæfellsbæjar, Svæðisgarðinn á Snæfellsnesi og umhverfismál í Stykkishólmi.



VATNSHELLIR

ATVINNURÁÐGJÖF

Við atvinnuráðgjöf SSV störfuðu fjórir starfsmenn á árinu 2015. Þann 1. september varð sú breyting á stöðugildum að einn starfsmaður atvinnuráðgjafar fór í árs námsleyfi og hefur ekki verið ráðið í hans stöðu. Stöðugildi í ráðgjöfinni voru 3,4 fram til 1. september á síðastliðnu ári en 2,4 eftir það.

Atvinnuráðgjöfin starfar í samræmi við samning Byggðastofnunar við landshlutasamtök um atvinnuráðgjöf í landshlutunum, en í gegnum þann samning koma rúmlega 19 mkr fjárstuðningur til reksturs atvinnuráðgjafar, en í samningnum eru ákveðin verkefni skilgreind. Þar má m.a. nefna að atvinnuþróun í landshlutunum skuli sinna eftirfarandi verkefnum:

- *Atvinnu – og byggðapróun*
Í samræmi við stefnu ríkisins í byggðamálum og áherslur Sóknaráætlunar Vesturlands. Leitar eftir samstarfi við stofnanir í stoðkerfi atvinnulífsins og aðra aðila sem vinna ráðgjafar- og leiðbeiningarstarf í atvinnumálum.
- *Atvinnuráðgjöf*
Atvinnuráðgjöf veiti aðstoð við stofnun og rekstur fyrirtækja á starfssvæðinu, svo sem við markaðssókn, vöruþróun, fjármögnun, kynningu, endurskipulagningu, erlend samskipti o.fl. Veiti upplýsingar um mögulega fyrirgreiðslu og aðstoð annarra aðila. Áhersla skal lögð á fyrirtæki sem hafa afgerandi áhrif á atvinnulíf lítilla byggðalaga, fyrirtæki í nýjum atvinnugreinum, fyrirtæki með nýja vöru eða þjónustu og nýstofnuð fyrirtæki.
- *Nýsköpun*
Atvinnuráðgjöf vinni verkefni á sviði nýsköpunar með einstaklingum og fyrirtækjum.
- *Búsetuþættir*
Atvinnuráðgjöf vinni í samstarfi við sveitarfélög, aðra opinbera aðila og félagasamtök að greiningu eflingu búsetuþátta.
- *Upplýsingaöflun*
Atvinnuráðgjöfin skal hafa góða heildarsýn yfir starfssvæði sitt og veita Byggðastofnun eins og kostur er upplýsingar um ástand atvinnulífs og búsetuþátta.
- *Endurmenntun, samstarf o.fl.*
Atvinnuráðgjöfin skal leitast við að efla þekkingu og fagmennsku sína á sviði atvinnu- og byggðapróunar með endurmenntun, samvinnu við önnur atvinnuþróunarfélög og Byggðastofnun, þátttöku í samstarfsverkefnum þessara aðila og með þátttöku í stefnumótun og samræmingu á félaganna.

Samkvæmt þessari upptalningu er hlutverk atvinnuráðgjafar umfangsmikið og fjölpætt og því ljóst að forgangsraða verður verkefnum og leitast hefur verið eftir að fylgja þeim meginlínunum sem þarna eru settar. Það væri eftir sem áður af mörgum ástæðum skynsamlegt að setjast niður með sveitarfélögum á svæðinu í þeim tilgangi að skilgreina og skerpa áherslur og forgangs röðun í starfseminni.

Hér fyrir neðan má sjá sýnishorn af þeim verkefnum sem Atvinnuráðgjöf Vesturlands vann að á síðasta ári. Þessi listi er ekki tæmandi og t.d. eru nánast engin verkefni fyrir einstaklinga tíunduð í þessari upptalningu, m.a. vegna þess að mikill trúnaður verður að ríkja gagnvart þeim sem leitar eftir þjónustunni. Helstu verkefni Atvinnuráðgjafar árið 2015:

- ÚTGEFIÐ EFNI

- ✓ Börn í sveitum á Vesturlandi (Hagvísir)
- ✓ Þörf fyrirtækja á menntuðu vinnuafli (Glefsa)
- ✓ Staða fyrirtækja á Vesturlandi (Glefsa)
- ✓ Væntingar fyrirtækja á Vesturlandi (Glefsa)
- ✓ Smávöruverslun á Vesturlandi
- ✓ Störf á vegum ríkisins á Vesturlandi (Hagvísir)
- ✓ Fyrirtækjakönnun: Afkoma og væntingar fyrirtækja (Hagvísir)
- ✓ Vinna íbúaspá fyrir einstök sveitarfélög
- ✓ Tvær spurningakannanir vegna þörf á ljósleiðara í dreifbýli
- ✓ Úrvinnsla við spurningakönnun á ferðaðþjónustu á Vesturlandi, var einnig 2014 en ekki nefnt í ársskýrslu þá

- ÞÁTTTAKA OG AÐKOMA AÐ VERKEFNUM

- ✓ Framtíðarnefnd í samgöngumálum
- ✓ Nettenging í dreifðum byggðum
- ✓ Utanumhald og umsjón með úthlutunum úr Uppbyggingarsjóði á sviði atvinnu og nýsköpunar
- ✓ Seta í verkefnisstjórnnum Sóknaráætlunarverkefna
- ✓ Sagnaseiður á Snæfellsnesi
- ✓ Stefnumótun og umsýsla vegna aðgengis ferðamannastaða
- ✓ Undirbúningur Matarsmiðju
- ✓ Amalgamation of Icelandic Municipalities, Average Cost, and Economic Crisis: Panel Data Analysis
- ✓ West Nordic municipal structure - með Grétari Þór Eypórssyni og Erik Glöersen
- ✓ Municipalities in the Arctics in challenging times – með Grétari Þór Eypórssyni og Erik Glöersen.
- ✓ Aðstoð við misserisverkefni við Háskólann á Bifröst
- ✓ Skýrsla um markmið og forsendur sauðfjárræktarsamnings – með RHA
- ✓ Skýrsla um ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla og áhrif þess á byggðafestu – með RHA
- ✓ Áhrif nýs EU samnings á afkomu íslenskra bænda

Fyrir utan þau verkefni sem að ofan eru talin upp hefur verið töluverð eftirspurn eftir þjónustu frá einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum, varðandi atvinnumál af margvíslegum toga, allt frá einföldum fyrirspurnum til vinnslu verkefna. Sérstaklega hefur verið mikil eftirspurn, eðli málsins samkvæmt, eftir verkefnum tengd ferðaþjónustu sem tengist að sjálfsögðu hinum mikla vexti í þeirri atvinnugrein.




ÁSLAUG Á LÁGAFELLI, STJÓRNARMAÐUR AÐ UNDIRRITA UMSÓKN UM KENNITÖLU
FYRIR NÝSTOFNAÐ FÉLAG „SAGNASEIÐUR Á SNÆFELLSNESI“ -

Verkefni eru mismunandi eftir svæðum og einnig hverjir það eru sem leita til Atvinnuráðgjafar, en á síðastliðnu ári var nokkuð um að sveitarfélög leituðu til Atvinnuráðgjafar með smá og stór verkefni. Einstaklingar og fyrirtæki hafa alla tíð sótt þjónustu til Atvinnuráðgjafar og líkt og fyrri ár voru það einstaklingar með hugmyndir um nýsköpun sem leituðu sér aðstoðar. Aðallega var sóst eftir ráðgjöf varðandi fjármögnun, gerð umsókna, umsýslu vegna styrkja og umsókna, svo og ráðgjafar vegna starfsleyfa.

Viðveruþjónusta er á öllum þéttbýlisstöðum svæðisins eins og fyrri ár, auk þess sem leitast er við að bregðast við beiðnum frá hverjum stað utan viðverutíma, þannig að þjónustustigið á svæðinu öllu er nokkuð gott.

Þessu til viðbótar hefur Atvinnuráðgjöfin aflað sértekna með vinnslu á verkefnum fyrir aðila eins og t.d. ráðuneyti, opinberar stofnanir, hagsmunasamtök, rannsóknastofnanir og háskóla sem leita til okkar vegna þeirrar þekkingaruppbyggingar og rannsóknarverkefna sem unnin hafa verið hjá Atvinnuráðgjöf á undanförunum árum. Þessi þáttur fór vaxandi á síðasta ári.

Aðkoma Atvinnuráðgjafar að sóknaráætlunum og verkefnum henni tengdum eru töluverð. Atvinnuráðgjafar sitja í verkefnisstjórnnum einstakra verkefna og má þar t.d. nefna eflingu nýsköpunar og eflingu menntunar í ferðaþjónustu og matvælaíðnaði en einnig situr atvinnuráðgjafi í verkefnisstjórn um Samgönguáætlun Vesturlands. Fyrirspurnir og erindi til Atvinnuráðgjafar eru 3–4 þús. á ári af ýmsum toga eins og verkefnalistinn hér að ofan gefur til kynna.



FUNDUR UM AUKIÐ SAMSTARF MILLI HÁSKÓLANS Á BIFRÖST OG SSV



RÁÐSTEFNA UM LÝÐRÆÐI, ÞJÓNUSTU OG ATVINNUÞRÓUN Í SVEITARFÉLÖGUM Á ÍSLANDI, GRÆNLANDI OG Í FÆREYJUM
(LOKAÞÁTTUR RANNSÓKNAR SEM UNNIN VAR FYRIR STYRK FRÁ NORDREGIO)

SÓKNARÁETLUN VESTURLANDS

Frá hausti 2014 og fram í febrúarbyrjun 2015 stóð yfir undirbúningur að gerð samnings á milli ríkisins og landshlutasamtaka um sóknaráætlanir landshluta. Ingveldur Guðmundsdóttir formaður SSV skrifaði undir samning við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið í byrjun febrúar um Sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019. Innihald samningsins er þrjúþætt:

- Stofnun Uppbyggingarsjóðs Vesturlands
- Mörkun stefnu og framtíðarsýnar fyrir Vesturland
- Útfærsla og vinna að sérstökum áhersluverkefnum fyrir landshlutann



Stjórn SSV skipaði samráðsvettvang Vesturlands ásamt 10 einstaklingum sem komu frá atvinnulífi, fræðasamfélagi og menningarlífi.

Samningurinn fól í sér að ráðuneyti lögðu árið 2015, 61.994.000 kr. til Sóknaráætlunar Vesturlands auk þess sem sveitarfélög á Vesturlandi lögðu fram 11.660.000 kr. Samtals hafði því sóknaráætlun til umráða 73.654.000 kr.

UPPBYGGINGARSJÓÐUR VESTURLANDS

Vaxtasamningur Vesturlands og Menningarsamningur Vesturlands voru lagðir niður og eigið fé þeirra rann inn í nýstofnaðan Uppbyggingarsjóð Vesturlands sem tók yfir hlutverk þeirra og úthlutar styrkjum til menningarverkefna og nýsköpunar í atvinnulífi. Starfsmenn SSV unnu úthlutunarreglur fyrir Uppbyggingarsjóð Vesturlands í samráði við stýrihóp stjórnarráðsins um byggðamál og önnur landshlutasamtök. Skipuð var sérstök stjórn fyrir Uppbyggingarsjóð Vesturlands. Í stjórninni eru:

- Helga Guðjónsdóttir, formaður
- Raket Óskarsdóttir
- Sveinn Pálsson
- Jenný Lind Egilsdóttir
- Hallfreður Vilhjálmsson

Skipað var fagráð í menningarmálum sem vinnur tillögu að úthlutun menningarstyrkja í samráði við menningarfulltrúa. Atvinnuráðgjafar SSV vinna mat á umsóknum vegna úthlutunar styrkja til nýsköpunar í atvinnulífi. Í fagráði menningarmála eru:

- Helena Guttormsdóttir
- Sigríður Finsen
- Jónella Sigurjónsdóttir

Á árinu 2015 hafði Uppbyggingarsjóður Vesturlands alls 50 milljónir til að ráðstafa og úthlutaði kr. 48.455.000 til 90 verkefna. Sjá lista yfir úthlutanir í Viðauka.




FRÁ AFHENDINGU STYRKJA ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI VESTURLANDS 2015

Styrkveitingar skiptust þannig:

- Menningarstyrkir	53 styrkir	16.875.000 kr.
- Stofn- og rekstrarstyrkir til menningarmála	18 styrkir	8.380.000 kr.
- Styrkir til nýsköpunar í atvinnumálum	19 styrkir	23.200.000 kr.

Uppbyggingarsjóður Vesturlands



STEFNA OG FRAMTÍÐARSÝN FYRIR VESTURLAND

Vinna að mótun stefnu og framtíðarsýnar fyrir Sóknaráætlun Vesturlands hófst í apríl og var ráðgjafafyrirtækið Alta ehf. fengið til að vinna með SSV að verkinu, en það voru þær Björg Ágústsdóttir og Matthildur Elmarsdóttir sem komu að verkefninu fyrir hönd Alta. Í byrjun maí var haldinn stór stefnumótunarfundur í Borgarnesi þar sem þátt tóku um 70 aðilar frá öllum sveitarfélögum á Vesturlandi. Starfsmenn Alta og SSV unnu síðan úr gögnum fundarins og lögðu fram drög að Sóknaráætlun Vesturlands fyrir fund samráðsvettvangs í byrjun júní. Tillaga að stefnu og framtíðarsýn fyrir Sóknaráætlun Vesturlands var síðan samþykkt af stjórn SSV í júnílok og staðfest af stýrihópi stjórnarráðsins í september.

ÁHERSLUVERKEFNI

Í tengslum við vinnu að mótun stefnu og framtíðarsýnar var jafnframt unnið með áhersluverkefni fyrir Vesturland. Með hliðsjón af stefnumótunarfundinum var unnin tillaga að áhersluverkefnum og valdi samráðsvettvangur verkefni sem síðan voru fullmótuð af starfsfólki SSV og endanlega samþykkt af stjórn. Á árunum 2015 og 2016 er unnið að fimm verkefnum á Vesturlandi, skipaðar voru verkefnisstjórnir fyrir öll verkefni og gerðir samningar um verkefnisstjórn við ákveðna aðila. Verkefnin og verkefnistjórar eru eftirfarandi:

VERKEFNI	VERKEFNISSTJÓRI
Fjölgun iðnnema á Vesturlandi	Hekla Gunnarsdóttir, Símenntunarmiðstöð Vesturlands
Efling menntunar í ferðapjónustu og matvælaframleiðslu	Signý Óskarsdóttir, Háskólinn á Bifröst
Menningarstefna Vesturlands	Verkefnisstjóri Elísabet Haraldsdóttir, SSV og ráðgjafi er Environice
Efling ferðapjónustu á Vesturlandi	Kristján Guðmundsson, Vesturlandsstofa
Verkefnisstjóri Nýsköpun og frumkvöðlar	Ólafur Sveinsson, SSV

Stefnt er að því að þessum verkefnum verði öllum lokið í árslok 2016.



SÓKNARÁÆTLUN VESTURLANDS – STEFNUMÓTUNARFUNDUR Í BORGARNESI

ALMENNINGSAMGÖNGUR

Frá árinu 2011 hefur SSV haldið utan um almenningssamgöngur á Vesturlandi eftir að hafa tekið yfir gömlu sérleyfin með samningi við Vegagerðina. Jafnframt hefur SSV haldið utan um verkefnið fyrir Vestfirðinga, Norðurland vestra og leið 57 allt til Akureyrar. Haustið 2012 var núverandi fyrirkomulag tekið upp, samningur gerður við Strætó bs. um að skipuleggja leiðir, sjá um samskipti við verktaka sem aka leiðarnar og samskipti og þjónustu við notendur. Hlutverk SSV er því fyrst og fremst að vera í samskiptum við Vegagerðina og innanríkisráðuneytið sem og að halda utan um fjármálalega umsýslu. Þær leiðir sem SSV hefur umsjón með eru:

- **Leið 57** *Reykjavík-Akranes-Borgarnes-Akureyri*
- **Leið 58** *Borgarnes-Stykkishólmur*
- **Leið 59** *Borgarnes-Búðardalur-Hólmavík*
- **Leið 81** *Borgarnes-Hvanneyri-Reykholt-Baulan Borgarnes*
- **Leið 82** *Hellissandur-Vatnaleið*
- **Leið 83** *Hvammstangi-vegamót við Þjóðveg 1*
- **Leið 84** *Skagaströnd-Blönduós*

Reksturinn gekk erfiðlega haustið 2012 og urðu þá til skuldir sem í dag standa í um 11 mkr. Reksturinn var síðan í jafnvægi árin 2013, 2014



og 2015 og hefur tekist að greiða niður tæplega helming af þeim rekstrarhalla sem varð til árið 2012. Á árinu 2015 hefur verið unnið að því að ljúka samkomulagi við Eyþing um uppgjör á rekstri á leið 57 fyrir árin 2012 og 2013, auk þess að ná samkomulagi um fjárhagsforsendur fram til loka samnings árið 2018. Stjórnir landshlutasamtakanna samþykktu samning um ofangreint samkomulag í upphafi árs 2016. Þá hefur verið unnið að því að færa rekstur almenningssamgangna í Norðvesturkjördæmi inn í sérstakt félag og fékkst heimild frá Vegagerðinni til þess nýverið. Loks er rétt að nefna að landshlutasamtökin hafa komið að vinnu við endurskoðun á frumvarpi um fólksflutninga í atvinnuskyni, en frumvarpið verður lagt fram endurskoðað á vorþingi 2016. Væntingar standa til þess að frumvarpið taki á þeim ágreiningi sem verið hefur um einkaleyfi á þeim sérleiðum sem landshlutasamtökin tóku yfir með samningum við Vegagerðina árið 2011.

Rekstur almenningssamgangna er orðinn ansi stór þáttur í starfsemi SSV og mikilvægt er að vinna áfram að því að tryggja rekstrarforsendur verkefnisins, annars vegar með því að leysa

fortíðarvandann frá 2012 og hins vegar með að tryggja að reksturinn gangi upp á næstu árum og að framlög ríkisins verði í takt við það sem upphaflega var samið um.



AKRANESVITI

ÞJÓNUSTUSVÆÐI VESTURLANDS

Í samþykktum fyrir Þjónustusvæði Vesturlands um þjónustu við fatlaða kemur fram að stjórn SSV ber ábyrgð á framkvæmd samningsins gagnvart sveitarstjórnnum á Vesturlandi.

Framkvæmd samningsins er hins vegar í höndum félagsþjónustu sveitarfélaganna:

- ❖ Félagsþjónustu Akraneskaupstaðar
- ❖ Félagsþjónustu Borgarbyggðar
- ❖ Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

Samhæfing þjónustusvæðisins er í höndum þjónusturáðs sem skipað er forstöðumönnum félagsþjónustunnar á þjónustusvæðinu. Hlutverk þjónusturáðsins er að:

- Vinna tillögur um starfsreglur, stærri ákvarðanir og stefnumörkun til stjórnar SSV.
- Skipta framkvæmd stærri verkefna á milli félagsþjónustusvæða og þjónustusvæðis Vesturlands.
- Hafa virkt samráð við fatlaða, aðstandendur og samtök þeirra við stefnumótun og framkvæmd þjónustu.

Þjónusturáð Vesturlands er skipað eftirfarandi aðilum:

- ✓ Hjördís Hjartardóttir, félagamálastjóri Borgarbyggðar
- ✓ Sveinn Elínbergsson, forstöðumaður Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga
- ✓ Helga Gunnarsdóttir, sviðsstjóri Akraneskaupstaðar (til vors 2015)
- ✓ Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs Akraneskaupstaðar (frá vori 2015)

Helga hafði verið formaður þjónusturáðs frá stofnun þess árið 2011. Með samningi við Akraneskaupstað snemma árs var Helga Gunnarsdóttir jafnframt ráðin í 10% starfshlutfall sem starfsmaður þjónusturáðsins. Vegna veikinda lét Helga af störfum vorið 2015 og tók Jón Hrói Finnsson við sæti Helgu í ráðinu og var jafnframt kosinn formaður þess. Ekki var ráðið í starf Helgu sem starfsmanns þjónusturáðs eftir að hún fór í veikindaleyfi.

Árið 2015 voru haldnir voru þrjú fundir í þjónusturáðinu og voru fundirnir haldnir í Borgarnesi. Störf ráðsins hafa á árinu snúist um samráð um þjónustuna og að hafa yfirsýn yfir fjármál hennar. Mikið samráð er milli fulltrúa í þjónusturáðinu í tölvupósti og símleiðis. Talsverð upplýsingagjöf og samskipti eru við Jöfnunarsjóð og verkefnisstjórn sem vann að endurmati á forsendum fyrir flutningi verkefnisins frá ríki til sveitarfélaga, bæði fjárhagslegum og faglegum.

Mikil umræða átti sér stað á árinu 2015 um fjárhagslegar forsendur fyrir rekstri málefna fatlaðra. Þessi umræða fór bæði fram á vettvangi stjórnar SSV sem og innan þjónusturáðsins. Ljóst er að tekjur hafa ekki staðið undir kostnaði félagsþjónustuvæða við fatlaða einstaklinga á Vesturlandi og afar lítið svigrúm hefur verið til þess að byggja upp frekari þjónustu þar sem þörf hefur verið á. Væntingar standa til þess að með auknum fjárveitingum í kjölfar endurmats á málaflokkum skapist traustari rekstrarforsendur.

Tekjur þjónustuvæðisins hækkuðu frá fyrra ári um tæpar 79 mkr., en varðandi fjármálin vísast til ársreiknings sem liggur fyrir.

Samningur um þjónustuvæði Vesturlands um málefni fatlaðra er runninn út og þegar er hafin endurskoðun á samstarfi um þetta verkefni.



DJÚPALÓNSSANDUR



VESTURLANDSSTOFA

Verkefni Vesturlandsstofu voru fjölbreytt á árinu 2015 og verður farið yfir það helsta hér. Starfsmenn Vesturlandsstofu árið 2015 voru Kristján Guðmundsson forstöðumaður og Sonja Hille starfsmaður Upplýsingarmiðstöðvar. Auk þess var Gunnhildur Rós Oddsdóttir ráðin yfir smartímann í upplýsingarmiðstöð.

BEST IN TRAVEL 2016

Í október var tilkynnt að Vesturland væri á lista leiðsögubókaútgefandans Lonely Planet yfir 10 bestu svæði til að heimsækja í heiminum 2016. Þegar listinn var birtur kom í ljós að Vesturland hafnaði í 2 sæti. Kristján Guðmundsson, forstöðumaður Vesturlandsstofu tók á móti verðlaununum í London fyrir hönd landshlutans. Þetta er mikil viðurkenning fyrir þá uppbyggingu sem fram hefur farið í ferðapjónustu á Vesturlandi undanfarin ár.



KRISTJÁN GUÐMUNDSSON TEKUR VIÐ VERÐLAUNUM LONELY PLANET Í LONDON

ÚTGÁFUMÁL

Gefin var út Vesturlandshandbókin sem gefin er út ár hvert. Var hún prentuð í 40.000 eintökum og dreift á alla helstu staði á Vesturlandi og upplýsingarmiðstöðvar um allt land. Fyrirtækið R3 sá um dreifingu. Prentuð voru 70.000 Vesturlandsborðkort sem dreift var um Vesturland og upplýsingarmiðstöðvar á landsvísu.

FERÐASÝNINGAR

Markaðsstofur landshlutana standa fyrir sameiginlegri kynningu fyrir aðila sína í Reykjavík undir nafninu Mannamót. Mannamót voru haldin 21. janúar í flugskýli flugfélagsins Ernis á Reykjavíkurlflugvelli. Þrjátíu fyrirtæki af Vesturlandi tóku þátt. Sóttar voru þrjár ferðasýningar. Vestnorden var haldin var 21.-23. september í Færeyjum og Mid-Atlantic var 5. febrúar í Reykjavík en einnig var farið til London á World Travel Market að taka við verðlaununum Best in Travel 2016 sem veitt voru deginum áður.

UPPSKERUHÁTÍÐ

Uppskeruhátíð var haldin í Borgarnesi. Dagurinn var með léttara sniði en áður hefur verið, byrjað var á Landnámssetri Íslands þar sem léttur hádegisverður var í boði. Því næst var farið í Hugheima og starfsemin skoðuð. Þá var farið í Safnahús Borgarfjarðar og síðan í Ljómalind þar sem léttar veitingar voru í boði. Að því loknu var farið upp á Hvanneyri þar sem Landbúnaðarsafn Íslands, Ullarselið og Skemman kaffihús kynntu starfsemi sína. Dagurinn endaði svo á Icelandair Hótel Hamri í kvöldverð.



HÓTEL HÚSAFELL – (OPNAÐ Í JÚLÍ 2015)

DAGUR FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Þann 13. maí var haldinn dagur ferðaþjónustunnar á Bifröst. Inga Hlín Pálsdóttir og K. Hulda Guðmundsdóttir voru með erindi og í lok dags voru stuttar kynningar frá nýjum fyrirtækjum af Vesturlandi.

HEIMSÓKNIR ERLENDRA BLAÐAMANNA

Markaðsstofa Vesturlands vinnur náið með Íslandsstofu við að taka á móti blaðamönnum. Á árinu 2015 aðstoðuðum við yfir fimmtíu blaðamenn sem komu á svæðið. Þetta skilaði góðum umfjöllunum meðal annars í blaðinu Spiegel sem er með 10 milljónir lesenda.

LANDSHLUTAMIÐSTÖÐ VESTURLANDS

Vesturlandsstofa rekur Upplýsingarmiðstöð í Borgarnesi sem flokkast undir Landshlutamiðstöð og sér Sonja Hille um daglegan rekstur hennar. Gestir á árinu 2015 voru um 11.000 manns og er það aukning um 3.000 milli ára. Opnunartími yfir veturinn er 09:00-17:00 virka daga. Yfir Sumartímann er opið 09:00-18:00 virka daga, á laugardögum 10:00-16:00 og sunnudögum 12:00-16:00.



ÍSGÖNGIN Í LANGJÖKLI (OPNUÐ Í JÚNÍ 2015)

NÝ VERKEFNI FRAMUNDAN Á ÁRINU 2016

Hér fyrir neðan eru helstu verkefni sem eru framundan á árinu 2016:

- ✓ Á árinu 2016 stýrir Vesturlandsstofa áhersluverkefni sem nefnist Efling ferðapjónustu á Vesturlandi. Verkefnið hefur tvö meginmarkmið, annars vegar að vinna stefnumótun í ferðapjónustu fyrir Vesturland og hins vegar að styðja við markaðssetningu. Verkefnið hefur 9 mkr til umráða.
- ✓ Vesturlandsstofa er þátttakandi í áhersluverkefni sem á m.a. að efla menntun í ferðapjónustu og matvælaframleiðslu (beint frá býli) á Vesturlandi.
- ✓ Markaðsstofa Vesturlands á fulltrúa í verkefnahópi stjórnstöðvar um markhópa greiningar.
- ✓ Verkefni í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands tengt fuglaskoðun á Vesturlandi.
- ✓ Ferðasýningarnar Vestnorden og Mid-Atlantic verða sóttar en einnig verður farið í vinnustofu ferð til Boston, Washington og Montréal.
- ✓ Ferð fyrir blaðamenn í samstarfi við Íslandsstofu næsta vetur.



EIRÍKSSTAÐIR

VIÐAUKI: STYRKIR ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI VESTURLANDS 2015

SAMTALS VAR ÚTHLUTAÐ

48.455.000

MENNINGARSTYRKIR		
Umsækjandi	Nafn verkefnis	Úthlutanir
Byggðasafnið í Görðum	Umönnun sjúkra og fæðandi kvenna í 100 ár	750.000
Landnámssetur Íslands	Sýningar á Sögulofti Landnámssetursins í Borgarnesi	750.000
Andri Freyr Ríkharðsson	Ólgustjór/Codlings	700.000
Northern Wave	Alþjóðlega stuttmyndahátíðin Northern Wave	600.000
Borgarbyggð/ Safnahús Borgarfjarðar	Gleym þeim ei, sýning um íslenskar konur	600.000
Blús og Djassfélag Akraness	Blúshátíð Akraness 2015	500.000
Félag nýrra Íslendinga	Þjóðahátíð Vesturlands	500.000
ILDI ehf., / Sögustofan	Norrænt sagnaþing í Grundarfirði	500.000
Sigurgeir Agnarsson/Reykholts hátíð	Reykholts hátíð	500.000
Snorrastofa	Fyrirlestrar og viðburðir í Snorrastofu 2015	500.000
The Freezer ehf	Ferðin að miðjur jarðar - Leiksýning	500.000
Vesturlandsstofa	Menningarmyndband Vesturlands (People of Iceland)	500.000
Ásbjörg Jónsdóttir	Akranesviti: Rými til tónsköpunar	400.000
Íslenskir eldsmiðir	Færanleg eldsmiðja	400.000
Íslenskir eldsmiðir	Eldsmíði, fræðsluverkefni	250.000
Karlakórinn Söngbræður	Kórstarf með áherslu á samvinnu milli landshluta	400.000
Halldór Heiðar Bjarnason/ Listasmiðja í Fljótstungu	Listasmiðja í Fljótstungu	400.000

Héraðsnefnd Snæfellinga/ Norska húsið	Miðstöðvar og mangarar við Breiðafjörð	400.000
Héraðsnefnd Snæfellinga/ Norska húsið	Skotthúfan 2015	250.000
Seylan ehf/ Hjálmtýr Heiðdal	Svartihnjúkur - stríðssaga úr Eyrarsveit	400.000
Tómas Freyr Kristjánsson	Bær í mótun - byggingarsaga Grundarfjarðar	400.000
Leikfélagið Skagaleikflokkurinn	Leiksýningin Bar par	325.000
Átthagastofa Snæfellsbæjar	Fjölmenningarhátíð í Snæfellsbæ	300.000
Átthagastofa Snæfellsbæjar	Breyting á sýningu í Pakkhúsi Ólafsvíkur	200.000
Átthagastofa Snæfellsbæjar	Sjómannadagssýning	200.000
Grundarfjarðarbær	Yfirfærsla VHS myndefnis á starfrænt form	300.000
Kalman-listafélag	Kalman-listafélag. Listviðburðir á Akranesi	300.000
Listvinafélag Stykkishólmskirkju /Anna Melsteð	Menningarstarfsemi allt árið í Stykkishólmskirkju	300.000
Ólafsdalsfélagið	Ólafsdalshátíð 2015 og 100 ára ártíð Torfa	300.000
Stykkishólmsbær/ Vatnasafnið	Menningarviðburðir í Vatnasafni	300.000
Kórs Akranes Kirkju/ Ástþór Vilmar Jóhannsson	Jólatónleikar kórs Akranes Kirkju	250.000
Drífa Gústafsdóttir	Listasýning þriggja kynslóða kvenna á Akranesi	250.000
Húsafell Resort	Sögusýning á Húsafelli	250.000
Júlíana	Júlíana - hátíð sögu og bóka	250.000
Leir7 ehf	Rakubrennsla á keramiki og eldsmíði	250.000
Leir7 ehf	Sumarsýning Leir 7 2015	250.000
Pan Thorarensen	Extreme Shill Festival 2015 - Undir Jökli	250.000
Steinunn Guðmundsdóttir	Þar sem maður hittir mann	250.000
Bjarni Þór Bjarnason	"Allir mála vegginn, ævintýravegginn"	200.000

Freyjukórinn í Borgarfirði	Tónleikar Freyjukórsins 2015-2016	200.000
Karlakórinn Svanir	Aldarafmælistónleikar	200.000
Neðribæjarsamtökin í Borgarnesi/ Hollvinasamtök Borgarness	Skemmtidagskrá á Brákarhátíð	200.000
Tónlistarfélag Borgarfjarðar	Tónlistarfélag Borgarfjarðar-hálfrar aldar afmæli	200.000
Tónlistarfélag Hvalfjarðarsveitar/Alexandra	Sumartónleikar í Hvalfjarðarsveit	200.000
DreamVoices ehf/ Alexandra Chernyshova	"Og þá kom stríðið..."	150.000
Akraneskaupstaður/ Bókasafn Akraness	Fróðleikur og skemmtun fyrir alla	150.000
Akraneskaupstaður/ Bókasafn Akraness	Ritsmiðja unga fólksins	100.000
Logi Bjarnason	Fullklára myndverk á vatnstankinum í Brákarey	150.000
DreamVoices ehf/ Jón R. Hilmarsson	Ljósmyndasýning - Ljós og náttúra Vesturlands	100.000
Samband borgfirskra kvenna	Fjölskylduhátíð	100.000
Tourist Online ehf. /Gylfi Árnason	Ferðatengd stuttmyndagerð	100.000
Kvennakórinn Ymur	Jólatónleikar í tilefni 20 ára afmælis kórsins	50.000
Ragnheiður H. Brynjúlfsdóttir	Gleðigjafinn - kór eldri borgara	50.000
SAMTALS MENNINGARSTYRKIR 2015		16.875.000

STOFN- OG REKSTRARSTYRKIR		
Umsækjandi	Nafn	Úthlutanir
Snorrastofa í Reykholti	Rekstur Snorrastofu, menningar- og miðaldaseturs	1.000.000
The Freezer ehf	The Freezer: Menningarferðþjónusta allt árið	1.000.000
Átthagastofa Snæfellsbæjar	Sjávarsafnið - enduropnun	800.000
Átthagastofa Snæfellsbæjar	Átthagastofa - Rekstrarstyrkur	400.000
Byggðasafnið í Görðum	Steinaríki Íslands	800.000
Akraneskaupstaður/ Ljósmyndasafn Akraness	Ljósmyndasafn Akraness - varðveiting sögu	500.000
Héraðsnefnd Snæfellinga/ Norska húsið	Áfram veginn	400.000
Dalabyggð	Landafundasýning í Leifsbúð	400.000
Dalabyggð	Eiríksstaðir í Haukadal	400.000
Borgarbyggð/Listasafn Borgarness	Vinna við bættu skráningu safngripa	400.000
Listvinafélag Stykkishólmskirkju	Búnaður fyrir sýningaraðstöðu	400.000
Fornbílafélag Borgarfjarðar/ Samgönguminjasafn Borgarfjarðar	Samgönguminjasafn Borgarfjarðar	400.000
Bryndís Siemsen, f.h. Samsteypunnar	Samsteypun-Listamiðstöð Akraness, vinnustofur	300.000
Grundarfjarðarbær	Bæringsstofa - tækjakostur	300.000
Rósa Björk Jónsdóttir	Skapandi vinnuloft í Halldórsfjosi	300.000
Rósa Björk Jónsdóttir	Markaðssetning Ullarsels	150.000
Vitbrigði Vesturlands	Vitbrigði Vesturlands - félag skapandi greina	300.000
Vesturlandsstofa	Skjáir/menningarmyndband	130.000
SAMTALS STOFN- OG REKSTRARSTYRKIR 2015		8.380.000

ÁTVINNU- OG NÝSKÖPUNARSTYRKIR		
Umsækjandi	Nafn	Úthlutanir
Ritari ehf	Þjónustuver í Skandinavíu - þróun og smíði símsvörunarhugbúnaðar	2.500.000
Búdrýgingdi ehf	Hið blómlega bú	1.500.000
Hugheimar	Kynningarátak á þrívíddarprentara fyrir nemendur í skólum á Vesturlandi	1.500.000
Unnsteinn Guðmundsson	Sporðskurðarvél	1.500.000
Helgi Haukur Hauksson	West Adventure	1.500.000
Hespuhúsið slf	Hespuhúsið markaðsstening og vöruþróun	1.000.000
Neðribæjarsamtökin í Borgarnesi/ Hollvinasamtök Borgarness	Vatnaleiðir kringum Borgarnes	700.000
Margrét Halldóra Gísladóttir	Barnamenningarhúsið Leggur og skel	500.000
Arnheiður Hjörleifsdóttir / "Hin fræknu"	Markaðsrannsókn í Hvalfirði	350.000
Vör sjávarrannsóknasetur	Fjöruvísir fyrir norðanvert Snæfellsnes	2.000.000
Andri Björgvin Arnþórsson	Goðheimasafn	750.000
Grímshúsfélagið	Varðveisla sögu skipaútgerðar frá Borgarnesi	750.000
Snorrastofa í Reykholti	Hljóðleiðsögn í Reykholti, innan og utan dyra	1.500.000
Kristý	Tokens of Iceland	1.000.000
Krums ehf.	Krums-íslenskt handverk og hönnun	900.000
Félagsbúið Miðhraun	Verðmætasköpun úr bólupangi	2.000.000
Ritari ehf.	Markaðssókn á símsvörunarþjónustu til N-Evrópu	2.000.000
Royal Eiderdown ehf.	Markaðssetning og kynning á erlendum mörkuðum	1.000.000
Sólhvörf ehf.	Vöruþróun	250.000
SAMTALS ÁTVINNU- OG NÝSKÖPUNARSTYRKIR 2015		23.200.000





